

Fjallabyggð



Samstarfssamningur

Fjallabyggð og Síldarminjasafn Íslands gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um markaðssetningu Siglufjarðarhafnar sem ákjósanlegum viðkomustað skemmtiferðaskipa.

1. Samkomulagsaðilar

Fjallabyggð,

Kennitala: 580706-0880

Heimilisfang: Gránugata 24

Sími: 464 9100

Netfang: sigga@fjallabyggd.is

Ábyrgðaraðili: Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri/hafnarstjóri

Ábyrgðaraðili 2: Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu,

- frístunda- og menningarmála

Fulltrúi Fjallabyggðar: Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi

Síldarminjasafn Íslands

Kennitala: 661006 1530

Heimilisfang: Snorrágata 10

Sími: 467 1604 / 865 2036

Netfang: safn@sild.is / anita@sild.is

Ábyrgðaraðili/fulltrúi: Anita Elefsen, safnstjóri

2. Inntak samkomulags

- Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2023 og er uppsegjanlegt að beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.
- Fjallabyggðarhafnir eru aðili að hagsmunasamtökunum Cruise Iceland og Cruise Europe.
- Siglufjarðarhöfn er og verður markaðssett sem ákjósanlegur viðkomustaður skemmtiferðaskipa.

3. Innviðir

- Hafnarbryggjan hefur allt frá árinu 2009 verið markaðssett sem fyrsti kostur og verður svo áfram, nema annað verði ákveðið. Ef notast á við Óskarsbryggju þarf að ráðast í umtalsverðar breytingar á umhverfinu þar og má þar nefna aðkomu, aðgengi og aðstæður.
- Notast verður við bókunarkerfið DOKK til að halda utan um bókanir á skipakomum og samskipti við umboðsskrifstofur og starfsmenn Fjallabyggðarhafna.
- Kostnaður vegna markaðssetningar og vinnu við hana deilist milli beggja aðila með þeim hætti að Síldarminjasafn Íslands leggur til starfsmann og stendur straum af launakostnaði en Fjallabyggð greiðir útlagðan kostnað, t.a.m vegna hönnunar og útgáfu kynningarefnis, aðildargjalda að Cruise Iceland og Cruise Europe, kostnað við sölusýningar, fundi o.fl.
- Notast verður við fulltrúa Cruise Iceland á sölusýningum SeaTrade í Flórída að vori.

4. Ábyrgð og hlutverk Fjallabyggðar

- Sveitarfélagið hefur myndað sér stefnu til framtíðar í málaflokknum undir heitinu: *Fjöldbreytt og örugg hafnarstarfsemi; Stefna Fjallabyggðarhafna 2022-2030*. Í þeirri stefnu kemur meðal annars fram það markmið að Siglufjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við stærri skip í sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

GA
K

- Framtíðarsýn hafnarsvæðis og samþætting á þjónustu við farþegaskip og fiskiskip. Stefnan verður vel kynnt öllum hlutaðeigandi.
- Hafnarstjóri tryggir að hægt verði að veita skemmtiferðaskipum umbeðna þjónustu; losun sorps, vatnstengingar og lóðs (hafnsögu).
- Starfsmenn hafnarinnar tryggja öryggi á hafnarsvæði þegar skemmtiferðaskip eru í höfn.
- Fjallabyggð skilgreinir vel og merkir gönguleiðir farþega á hafnarsvæðinu og stýrir þannig umferð gangandi vegfarenda um svæðið.
- Fjallabyggð tryggir snyrtilegt umhverfi hafnarinnar við móttöku skemmtiferðaskipa.
- Fulltrúi Fjallabyggðar hefur umsjón með vefsíðu hafnarinnar, <https://www.fjallabyggd.is/port/siglufjardarhofn>, í samvinnu við fulltrúa Síldarminjasafns.
- Fulltrúi Fjallabyggðar miðlar ljósmyndum og öðru markaðsefni með fulltrúa Síldarminjasafns.
- Fulltrúi Fjallabyggðar sækir fundi hafnarnefndar tvisvar sinnum á ári, að vori og hausti ásamt fulltrúa Síldarminjasafns Íslands.
- Fulltrúi Fjallabyggðar í samvinnu við fulltrúa Síldarminjasafnsins, leggur sig fram um að efla framboð afþreyingar fyrir skipafarþega með það að leiðarljósi að skipin dvelji lengur í höfn og kaupi sem mesta þjónustu. Í því sambandi verður ferðþjónustuaðilum í sveitarfélaginu liðsinnt við að koma þjónustu sinni á framfæri við skipafélög og innlendar ferðaskrifstofur.
- Fulltrúi Fjallabyggðar í samvinnu við fulltrúa Síldarminjasafnsins leggur sig fram um að tryggja upplýsingaflæði til farþegar sem koma í land með skemmtiferðaskipum.

5. Ábyrgð og hlutverk Síldarminjasafns Íslands

- Fulltrúi Síldarminjasafnsins sækir fundi Hafnarnefndar tvisvar sinnum á ári, að vori og hausti og gerir þar grein fyrir störfum sínum, stöðu bókana, skipakomum ársins og öðru sem snýr að málinu.
- Fulltrúi Síldarminjasafnsins, í samvinnu við fulltrúa Fjallabyggðar, leggur sig fram við að efla framboð afþreyingar fyrir skipafarþega, með það að leiðarljósi að skipin dvelji lengur í höfn og kaupi sem mesta þjónustu. Í því sambandi verður ferðþjónustuaðilum í sveitarfélaginu liðsinnt við að koma þjónustu sinni á framfæri við skipafélög og innlendar ferðaskrifstofur.
- Fulltrúi Síldarminjasafnsins í samvinnu við fulltrúa Fjallabyggðar leggur sig fram um að tryggja upplýsingaflæði til farþegar sem koma í land með skemmtiferðaskipum.
- Fulltrúi Síldarminjasafnsins sér um að uppfæra kynningarefni reglulega og eftir þörfum, í samráði og samvinnu við fulltrúa Fjallabyggðar og yfirhafnarvörð.
- Fulltrúi Síldarminjasafnsins, að höfðu samráði við hafnarstjóra, sækir eftirfarandi viðburði árlega í þeim tilgangi að efla viðskiptatengsl og fjölga skipakomum. Fulltrúi skilar hafnarstjóra og hafnarnefnd skriflegum skýrslum að viðburðum loknum.
 - ✓ Aðalfund Cruise Iceland
 - ✓ Aðalfund og árlega ráðstefnu Cruise Europe
 - ✓ Evrópusýningar SeaTrade að hausti

Fjallabyggð, 4. janúar 2023



 Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar


 Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins